

Félag um menntarannsóknir

Ársskýrsla

Mars 2002 – febrúar 2003

Skýrsla formanns

Félag um menntarannsóknir var stofnað á fundi sem var haldinn 20. febrúar 2002 í Sjómannaskólanum og í Háskólanum á Akureyri. Alls voru rúmlega 100 manns á stofnfundinum, þarf af tæplega 80 í Reykjavík og tæplega 30 á Akureyri. Eftir fundinn var skráning í félagið í gegnum heimasíðuna og tölvupóst og í haust voru tæplega 180 manns skráðir.

Markmið félagsins er, skv. lögum þess:

Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að:

- skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf;
- stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi;
- efla tengsl og samstarf félaganna;
- stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum hér á landi og erlendis;
- efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum;
- skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

Í lögnum segir jafnframt:

Stjórn skal í upphafi starfsárs setja sér starfsáætlun í samræmi við markmið félagsins. Starfsáætlunina skal birta á heimasíðu félagsins.

Líta má á fyrsta ár félagsins sem þróunartímabil. Á stofnfundinum í fyrra voru reifaðar hugmyndir um hugsanlega starfsemi og hefur stjórnin reynt að vinna að markmiðum félagsins. Hér fylgir frásögn af þróun mála.

- *Markmið 1: Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf*

Tvær málstofur voru haldnar á vegum félagsins. Fyrst var málstofa um *Tengsl rannsókna og stefnumótunar í menntamálum: hvers vegna – hvernig?* sem haldin var 4. október 2002 í Kennaraháskólanum ([dagskrá](#)). Flutt voru fimm framsöguerindi. Margar hugmyndir komu fram og var málstofan vel sótt, um 150 manns. Strax á eftir málstofunni var **6. málþing Rannsóknarstofnunar** sett og að mati stjórnarinnar tókst dagurinn mjög vel.

Önnur málstofa var haldin í Verkmenntaskólanum á Akureyri, 28. febrúar 2003. Viðfangsefnið var *Hverskonar rit vill fólk lesa um uppeldis- og menntamál? Hvaða form eru æskileg?* Flutt voru þrjú framsöguerindi og afstaða félagsmanna til málefnisins kom fram. Um 25 manns sóttu málstofuna sem var haldin á meðan ráðstefna um **Upplýsingatækni í skólastarfi 2003** stóð yfir.

Auk þess stóð Kennaraháskólinn fyrir málstofu 8. janúar sem auglýst var beint til félagsmanna um *Menntarannsóknir í nokkrum nágrannalöndum - hvað getum við af þeim lært?* Málstofan var haldin í framhaldi af ferð til Finnlands í nóvember sem nokkrir stjórnarmenn tóku þátt í og vildu segja frá á stærri vettvangi. Flutt voru þrjú framsöguerindi og var aðsókn mjög góð, um 70 manns, og komu fundarmenn alls staðar að ([lýsing](#), [glærusýning](#)).

- *Markmið 2: Að stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi*

Heimasíða var sett upp í kringum stofnfundinn og hefur efni bæst við smátt og smátt en heimasíðan er enn frekar frumstæð. Komið hefur fram hugmynd um að gera þróun og viðhald heimasíðunnar sem

skilgreint verkefni eins stjórnarmanns, á borð við gjaldkera, og mun tillaga um það verða rædd nánar á eftir.

Útgáfumál hafa oft verið á dagskrá stjórnafunda á árinu á sama tíma og við höfum reynt að feta okkur áfram í öðrum málefnum sem virðast liggja á hjarta margra sem hafa áhuga á rannsóknum. Fyrir eru hefðbundin tímarit eins og *Uppeldi og menntun* og nýtt rafrænt tímarit *Netla*. Ekki hefur tekist að fylla það skarð sem myndaðist þegar Kennarasambandið hætti útgáfu *Nýrra menntamála* fyrir nokkrum árum. Stjórnin hefur verið mjög varkár í ákvarðanatöku um málefni sem krefjast vinnu og fjármagns en fékk gott veganesti fyrir stefnumótun á málstofunni sem haldin var á Akureyri fyrir nokkrum vikum. Reikna má með að útgáfumál verði enn til umræðu innan félagsins en jafnframt að tilraunaútgáfa ef einhverju tagi birtist á öðru starfsári.

- *Markmið 3: efla tengsl og samstarf félaganna*

Stofnaður var pósthlisti sl. vor sem hefur aðallega verið notaður til að koma tilkynningum til félagsmanna, og þá aðallega frá formanni. Æskilegt hefði verið ef félagsmenn hefðu nýtt sér þessa samskiptaleið betur.

Stjórnin hefur tekið til athugunar og aflað upplýsinga um áhugahópa (e. *SIG eða special interest groups*). Settar hafa verið upp reglur fyrir rekstur áhugahópanna sem hafa fengið góðar undirtektir hjá félagsmönnum. Ljóst er að það er tímabært að hefja starfsemi á nokkrum sviðum eins og mati á skólafærni, notkun upplýsingatækni og aðferðafræði. Forsendur fyrir svona starfsemi eru þó að öflugar samskiptaleiðir séu fyrir hendi. Þetta málefni mun verða á dagskrá nú í vor.

Áhugahópar – umræðuhópar - reglur

Eitt af því sem Félag um menntarannsóknir (FUM) gerir er að skapa farveg fyrir umræðu um afmörkuð efni í hópum. Áhugasvið félagsmanna er mismunandi og því mikilvægt að mynda sem flesta virka umræðuhópa um hin margvíslegu svið eða efni er tengjast menntarannsóknum.

Til að halda utan um starfsemi umræðuhópa hefur félagið komið sér saman um eftirfarandi **reglur**:

- 1) Umræðuhópar starfa einkum á Netinu með pósthlistum (síðar verður þróað netráðstefnukerfi fyrir þennan þátt). Önnur starfsemi (halda fundi, standa fyrir málstofum, halda ráðstefnur, o.s.frv.) er háð ákvörðunum hvers hóps.
- 2) Til að mynda umræðuhóp er æskilegt að þátttakendur séu ekki færri en 5. Frumkvæði að myndun hópa kemur frá félagsmönnum og senda þeir beiðni þar um til formanns FUM.
- 3) FUM sér um að útbúa pósthlista á netinu fyrir hvern hóp.
- 4) Umræðuhópur getur sótt um þátttöku í ráðstefnum á vegum FUM með efni er snertir svið viðkomandi hóps.
- 5) Yfirlit yfir virka umræðuhópa skal birta á heimasíðu félagsins.
- 6) Hver félagsmaður getur verið í einum eða fleiri umræðuhópum

- *Markmið 4: stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum hér á landi og erlendis*

Reynt hefur verið að tengja starfsemi félagsins atburðum sem ætla má að margir félagar sækji, t.d. með því að halda málstofu í tengsum við ráðstefnuhald, eins og málþing Rannsóknarstofnunar og árlega ráðstefnu um upplýsingatækni.

Í mars 2004 verður haldin hér á Íslandi norræn ráðstefna um rannsóknir á sviði menntamála sem er haldin árlega á vegum *NFPF (Nordisk förening för pedagogisk forskning)* eða *NERA (Nordic Educational Research Association)*. Fulltrúi félagsins í undirbúningshópnum er Guðrún Geirsdóttir.

Reiðuð var í haust hugmynd um að félagsmenn færu á breska ráðstefnu sem haldin verður á vegum *BERA (British Educational Research Association)* í september í Edinborg. Nokkrir félagsmenn lýstu áhuga á að sækja ráðstefnuna og mun það mál verða kannað á næstunni. (Má nefna hér að 5-6 kennarar við Kennaraháskólann hafa sótt um að flytja erindi á ráðstefnunni).

Síðustu tvö markmið félagsins hafa ekki hlotið sérstaka athygli innan stjórnarinnar á fyrsta starfsárinu en hér á eftir mun ég segja frá ýmsu sem er á döfinni sem snertir hagsmuni félagsins.

- efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum;
- skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

Staða rannsókna á sviði menntamála

Aðalmarkmið félagsins er:


- Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi

Hvar stöndum við núna? Fyrir viku var haldinn samráðsfundur sem Rannís og menntamálaráðuneytið stöðu fyrir þar sem fyrirhuguð úttekt á rannsóknum á sviði menntamála var til umræðu. Á fundinum voru fulltrúar menntamálaráðuneytisins, Rannís, háskólanna þriggja sem bjóða upp á framhaldsnám á sviði menntunar, atvinnulífsins og sveitarfélaganna. Umræður um úttektina hófust veturinn 2000-2001 í Rannís. Það sem rætt var á samráðsfundinum var tilgangur úttektarinnar og vinnulag. Fundarmönnum fannst hugmyndin um úttektina bæði þörf og spennandi og fóru umræður vítt og breitt en menn voru sammála um að nauðsynlegt væri að koma auga á það sem vantar jafnt og það sem vel er gert. Um þessar mundir er unnið að vinnu- og kostnaðaráætlun en óhætt er að segja að útlitið er gott og að draumur okkar um sterkari stöðu rannsókna um menntamál geti orðið að veruleika innan örfárra ára.

Hugleiðingar formanns vorið 2003

Hvaða þýðingu hefur félagið haft fyrir mig sem formann sl. 12 mánuði? Sl. ár hef ég gegnt stöðu forstöðumanns við Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans og hef hugsað mikið um eflingu rannsóknarfærni og styrkingu rannsóknarmenningar. Samtímis hef ég starfað í Rannís þar sem umræður um vísindamál eru ávallt á dagskrá en þó sjaldan um menntamál. En stuðningur Rannís við málefni okkar hefur þó verið ómetanlegur og hef ég fundið fyrir miklum velvilja í okkar garð og merki um það er sú ákvörðun Rannís að fylgja úr hlaði hugmyndum um úttektina sem ég nefndi hér áðan. En það að ganga í félagið og veita því formennsku hefur gert þær kröfur að ég hugsaði á breiðari grundvelli – ekki einungis um rannsóknarskyldu háskólaskennara og ekki einungis um stefnumótun og samkeppnisfé sem veitt er til rannsókna. Smám saman hef ég verið að reyna að hugsa um málið á landsvísu, óháð stað og stund. Á áðurnefndum samráðsfundi fyrir viku síðan lagði ég fram nokkrar hugmyndir um stöðu rannsakenda sem mig langar til að deila með ykkur hér.

Rannsóknir hafa mismunandi ímynd og vægi allt eftir áhuga og nálgun rannsakenda og skírskotun til hagsmunaaðila. Erfitt gæti verið fyrir rannsakanda til að mæta óskum eða þörfum margra aðila með sama verki eða nálgun en jafnframt er hægt að skoða hvort eða hvenær mismunandi aðilar gera kröfur um eða leita eftir rannsóknum. Við getum skoðað stöðu rannsakenda m.t.t. vettvangs vísindasamfélagsins, stefnumótunaraðila eða iðkenda.



Forsendur fyrir mati á rannsóknum eru misjafnar eftir vettvangi og gagnlegt er að skoða þetta nánar.

Vísindasamfélagið: Breytingar eru eitt helsta einkenni háskólaumhverfisins í dag. Margir þættir hafa áhrif á gæði, umfang og eðli rannsókna. Stigamatskerfið, þar sem áhersla er lögð á ritryndar birtingar í starfi háskólakennara, er farið að stýra vali rannsókna á viðfangsefnum og birtingarleiðum.

Rekstrarsamningar fyrir háskólastarfsemi sem byggir á ígildi nemendafjölda og sem hafa leitt til breytts hlutfalls fjármagns til kennslu og rannsókna eru að mati margra óhagstæðir fyrir rannsóknarstarfsemi.

Margar nýjungar eru í boði í grunn- og framhaldsnámi við KHÍ, HÍ og HA sem kalla á vitneskju úr rannsóknum, auk þess hafa þróun og áherslur í einstökum skólum ýtt undir nýjar rannsóknaleiðir.

Viðhorf til rannsókna í landi eins og þær endurspeglast í nýjum lögum um vísindamál og stefnumótun og fjárveitingar til sjóða á borð við Vísindasjóð og Tæknisjóð skapar umgjörð fyrir rannsóknir og felur í sér gildismat á rannsóknum á sviði menntamála.

Stefnumótunaraðilar: Á opinberum vettvangi hafa verið margar lagabreytingar sl. 8-10 ár, sem sumar hverjar kalla á eða ýta undir að niðurstöður úr rannsóknum liggi fyrir. Breytingar á skipan og rekstri fræðslumála, í ráðuneytum, í atvinnulífi og hjá skólum og sveitarfélögum, kalla á ákvarðanatöku. Þátttaka í eða niðurstöður úr rannsóknum geta gegnt hlutverki í ákvarðanatöku en óvísst er hversu oft og hversu æskilegt það er eða sé að mati stefnumótunaraðila. Ljóst er að töluverð áhersla er á símenntun og ævilangt nám á Íslandi og væntingar eru gerðar til þróunar „þekkingarsamfélags“. Hvaða rannsóknir eru til eða eru æskilegar fyrir þá sem standa að stefnumótun er áleitinn spurning.

Iðkendur á vettvangi: Við skilgreinum iðkendur sem alla aðila sem standa að fræðslumálum og óhætt er að segja að iðkun á sviði menntamála kalli á fagmennsku. Eitt einkenni fagmennsku er sérnám sem undirbúningur undir starf og aðgangur að símenntunarmöguleikum vegna þekkingar sem er sífellt að bætast við á sviði viðkomandi fags. Gæði og innihald grunn- og framhaldsnáms og símenntunarmöguleikar kalla á rannsóknir og athuganir sem styrkja það. Við getum skoðað kröfur sem gerðar eru á starfsvettvangi til fagmennsku og hvaða gildi rannsóknir hafa fyrir iðkendur. Hér getur gagnsemi og mikilvægi verið hugtök sem gagnast úttekt á rannsóknum en ljóst er að viðhorf rannsókna til iðkenda hefur áhrif á val, framsetningu og nytsemi niðurstaða. Jafnframt, í ljósi fagmennsku, er nauðsynlegt að huga að nýtingu niðurstaða, birtingar- eða kynningarformi á starfsvettvangi og viðhorfum iðkenda til rannsókna.

Það er spennandi tímar á næstunni fyrir okkur í félaginu. Með aukinni umræðu og eflingu rannsóknarmenningar munu einstaklingar og stofnanir dafna og styrkjast. Ég þakka fyrir þau forréttindi að hafa fengið að veita félaginu formennsku á fyrsta starfsári þess.

mam 18.3.2003

Um stjórn félagsins og stjórnarkjör

Í stjórn félagsins voru eftirfarandi fulltrúar sem skipta með sér verk á fyrstu stjórnarfundum:

Allyson Macdonald formaður (til tveggja ára)
Kristín Aðalsteinsdóttir varaformaður (til þriggja ára)
Júlíus Björnsson gjaldkeri (til tveggja ára)
Börkur Hansen (til þriggja ára)
Guðrún Ebba Ólafsdóttir (til tveggja ára)
Guðrún Geirsdóttir (til þriggja ára)

Varamenn voru tveir:

Gretar Marinósson (til eins árs)
Inga Þórunn Halldórsdóttir (til eins árs)

Á árinu fór Guðrún Ebba úr stjórninni vegna anna og hefur Inga Þórunn verið í stjórninni.

Lagt er til:

Jóhanna Einarsdóttir formaður (til eins árs)
Kristín Aðalsteinsdóttir varaformaður (til þriggja ára)
Júlíus Björnsson gjaldkeri (til tveggja ára)
Börkur Hansen (til þriggja ára)
Guðrún Geirsdóttir (til þriggja ára)
Kristín Guðmundsdóttir (til eins árs)

Varamenn verði tveir:

Inga Þórunn Halldórsdóttir (til eins árs)
Gyða Jóhannsdóttir (til eins árs)
Gretar Marinósson (til eins árs)